

Birtist í *Morgunblaðinu*, 7. mars 2002.

Misskilningur

Jón Steinsson

Síðastliðinn þriðjudag birtist eftir mig grein hér í *Morgunblaðinu* þar sem ég held því fram að veiðigjaldið sem frumvarp sjávarútvegsráðherra kveður á um valdi sams konar óhagkvæmni og tekjuskattar. Þetta reynist ekki vera rétt. Ég taldi að gjaldið sem hverju fyrirtæki er ætlað að greiða samkvæmt frumvarpinu væri tengt við afkomu þess fyrirtækis. Hið rétta er að gjaldið er tengt við afkomu greinarinnar í heild. Þar sem ákvarðanir hvers fyrirtækis fyrir sig hafa óveruleg áhrif á afkomu greinarinnar í heild mun afkomutenging af þessu tagi ekki valda þeirri óhagkvæmni sem ég taldi hana valda.

Önnur rök sem koma fram í greininni, svo sem þau að fyrning aflaheimilda auki hagkvæmni með því að skapa virkari markað með aflaheimildir og að stjórnámamenn séu illa til þess fallnir að taka upplýsta ákvörðun um upphæð gjaldsins, standa hins vegar óbreytt. Fyrning aflaheimilda hefur því eftir sem áður mikilvæga kosti fram yfir veiðigjald.